



Ritnefnd og aðrir aðstandendur ritsins *Læknar á Íslandi*, talið frá vinstri: Sigurbjörn Sveinsson, Örn Bjarnason, Gunnlaugur Haraldsson, Páll Bragi Kristjónsson, Ásdís Rafnar og Hafsteinn Sæmundsson.

Læknar á Íslandi

Nýtt Læknatal komið út

Á AÐALFUNDI LÍ FYRIR SEX ÁRUM VAR samþykkt að ráðast í nýja útgáfu af ritinu **Læknar á Íslandi**, hina fjórðu, og hefur verkið nú séð dagsins ljós. Fyrsta útgáfan kom út árið 1944, unnin af Vilmundi Jónssyni landlækni og Lárusi H. Blöndal bóka- verði. Ritstjóri hins nýja Læknatals er Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttfræðingur, en Bókaútgáfan Þjóðsaga annaðist útgáfuna. Í ritnefnd sátu af hálfu LÍ læknarnir Hafsteinn Sæmundsson, Sigurbjörn Björnsson og Örn Bjarnason.

Læknatalið nýja er mikið að vöxtum, í þremur bindum alls 1725 síður. Þar er að finna æviskrár 2022 lækna sem starfað hafa og/eða numið læknisfræði á Íslandi frá miðri 17. öld til ársins 2000.

Í tilefni útgáfu ritsins bauð stjórn LÍ til samsætis í húsakynnum sínum þann 28. apríl síðstliðinn, en það var formlegur útgáfudagur ritsins. Formaður LÍ Sigurbjörn Sveinsson bauð gesti velkomna, ekki síst heiðursgesti sem voru læknarnir Baldur Johnsen, Erlingur Þorsteinsson, Friðrik Einarsson og Sigurður Samúels- son en þeirra hefur verið getið í öllum Læknatölum sem út hafa verið gefin.

Formaður rakti í grófum dráttum þá vinnu sem liggur að baki útgáfunni og þakkað öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn: ritnefnd, ritstjóra, starfsmönnum

Þjóðsögu, fyrrverandi og núverandi framkvæmdastjóra LÍ og læknunum Hannesi Finnbogasyni, Tryggva Þorsteinssyni, Sigmundi Magnússyni og Árna Björnssyni sem af mikilli óeigin- ginni prófarkarlásu allt verkið. Í ávarpi sínu sagði Sigurbjörn meðal annars: „Í dag fáum við í hendur æviágrip og ættir hundruða lækna, sem lagt hafa læknislist- inni lið á Íslandi á umliðnum öldum. Öll gerum við okkur grein fyrir að hér er einungis að finna ramma um líf, ytri ásýnd þess, sem gerst hefur. Að baki hverju nafni býr yfirleitt mikil og flókin saga eins og verða vill í lífinu yfirleitt. Að baki eru örlög, sigrar og ósigrar í önn hversdags- ins. Í þessi örlög fléttast og saga ástvina læknanna og allra þeirra annarra, sem gerðu þeim kleift að leggja stund á lækn- ingarnar. Sumpart má finna heimildir um það annars staðar en í flestum tilfellum er líf þessa fólks óskrifuð saga, sem tíminn einn geymir.“

Heiðursgestunum voru afhent fyrstu eintökin af ritinu og síðan öðrum þeim sem að framan er getið.

Læknar á Íslandi er til sölu hjá Þjóð- sögu í Húsi verslunarinnar, s. 511 1777 og kostar kr. 26.900. Einnig mun verkið fást í einhverjum öðrum bókaverslunum.

-þþ

Bæklingur um heilsufar kvenna

■ Heilbrigðis- og tryggingamála- ráðuneytið hefur gefið út bækling um heilsufar kvenna. Efni bæklingins er álit nefndar sem skipuð var vorið 1995 til að kanna breytingar á heilsufari kvenna og gera tillög um úrbætur.

Í ávarpi ráðherra sem birt er í bæklingnum segir að nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu „að vís- bendingar séu um að konur búi að nokkru leyti við lakara heilsufar en karlar“. Jafnframt bendir nefndin á að konur noti heilbrigðisþjónustu meira en karlar, séu sendar í fleiri rannsóknir, séu oftár sjúkdóms- greindar og settar í meðferð auk þess sem þær fái meira af lyfjum en karlar. Síðan segir í ávarpi ráð- herra:

„Athyglisvert er að nefndin tel- ur að margt bendi til þess að úr- lausnir sem konur fái séu ekki sam- bærilegar við þær úrlausnir sem karlar fá og fyrir liggur að konur leita á ríkara mæli en karlar eftir óhefðbundnum lækningaaðferðum. Nefndin leggur mikla áherslu á hlutverk heilsugæslunnar og leggur til að unnið verði að því að veita þar fjölbreyttari þjónustu m.a. með því að ráða starfsmenn úr fleiri heilbrigðisstéttum og að aukin áhersla verði lögð á teymisvinnu. Þess utan er lagt til að nám heil- brigðisstétta verði endurskoðað með tilliti til kynjamunar. Bent er sérstaklega á heimilisofbeldi og stöðu nýbúakvenna, reykingar, at- vinnusjúkdóma, geðræn vandamál og áfengismeðferð þar sem taka þurfi í auknum mæli tillit til þarfa kvenna. ... Fjölmörg atriði í tillög- unum byggjast á breyttu hugarfari okkar allra og heilbrigðisstétta, nýrri nálgun, aukinni samvinnu, breyttri forgangsroðun og aukinni áherslu á forvarnir...“

Bæklingurinn er 36 bladsíður í stærðinni A4. Hann er hægt að nálgast í ráðuneytinu og á heima- síðu þess en slóðin þangað er www.stjr.is/htr